

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. apríl 1983

um breytingar á tilskipun 80/51/EBE um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða

(83/206/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fyrirvara um hugsanlegar tímabundnar undanþágur til 31. desember 1989.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

Ekki virðist bera nauðsyn til að þetta bann nái til Grænlands í ljósi legu landsins og strjálbýlis.

með hliðsjón af drögum að tilskipun lögðum fram af framkvæmdastjórninni,

Gera ber undantekningu frá reglunni um hávaðavottun vegna fáeinna sérhannaðra loftfara sem notuð eru til flutninga fyrir flugvélaíðnað bandalagsins.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. gr.

Alþjóðaflugmálastofnunin hefur gert breytingar á viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál, sem tiltekur staðla um hávaða frá loftförum og aðrar aðgerðir á alþjóðavettvangi varðandi hávaða frá loftförum, sem valda því að nauðsynlegt er að gera ákveðnar breytingar á tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða ⁽³⁾.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á tilskipun 80/51/EBE:

Nauðsyn ber til að skýra betur markmið 1. og 5. gr. tilskipunar ráðsins 80/51/EBE.

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

Koma ber í veg fyrir flug almennra þotna sem fljúga undir hljóðhraða og ekki eru skrásettar á yfirráðasvæði aðildarríkja og fullnægja ekki alþjóðlegum stöðlum, sem við eiga, á yfirráðasvæði aðildarríkja eftir 31. desember 1987 með

„I. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að óheimilt sé að nota á yfirráðasvæði aðildarríkjanna allar almennar skráfúvélar og þotur sem fljúga undir hljóðhraða og skrásettar eru á yfirráðasvæði þess og tilheyra einhverjum þeim flokki sem tilgreindur er í I. bindi (Hávaði frá loftförum) viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflug, sem gildir frá 26. nóvember 1981 í samræmi við 5. breytingu (hér eftir vísað til sem viðauka 16/5), nema það hafi gefið hávaðavottorð á grundvelli fullnægjandi gagna um að flugvélin uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við viðeigandi staðla sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. eða 6. kafla II. hluta I. bindis viðauka 16/5.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 334, 20. 12. 1982, bls. 137.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 348, 31. 12. 1981, bls. 3.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 18, 24. 1. 1980, bls. 26.

2. Í 1. mgr. 2. gr.:

— komi orðið „flugvél“ alls staðar í stað orðsins „loftfar“,

— í e-lið komi „massi“ í stað orðsins „þyngd“.

3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hvert aðildarríki skal tryggja að allar almennar skrúfuvélar með vottaðan hámarks massa við flugtak sem ekki er meiri en 5700 kg og allar almennar þotur, sem fljúga undir hljóðhraða og heyra ekki undir einn þeirra flokka sem tilgreindir eru í I. bindi viðauka 16/5 en nota flugvelli í einhverju aðildarríki, hafi vottorð um að þær uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við viðeigandi staðla sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. eða 6. kafla II. hluta I. bindis þess viðauka þegar þær eru nýskrásettar á yfirráðasvæði þess.“

4. Í 4. gr. komi orðið „flugvélar“ alls staðar í stað orðsins „loftför“.

5. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr:

1. Hvert aðildarríki skal tryggja, samanber þó 1. gr., að eftir 31. desember 1987 sé óheimilt að nota á yfirráðasvæði aðildarríkis almennar þotur sem fljúga undir hljóðhraða skrásettar á yfirráðasvæði þess nema það hafi gefið hávaðavottorð á grundvelli fullnægjandi gagna um að þessar flugvélar uppfylli skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við staðla tilgreinda í 2. kafla II. hluta I. bindis viðauka 16/5.

2. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er heimilt að veita tímabundnar undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. eða ákvæðum 2. mgr. 7. gr. ef flugrekandi skuldbindur sig til að láta aðrar flugvélar, sem fánlegar eru á markaði og uppfylla skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við hávaðastaðla tilgreinda í 3. kafla II. hluta I. bindis viðauka 16/5, koma í stað viðkomandi flugvéla í síðasta lagi 31. desember 1988.“

6. Í 6. gr. :

— komi orðið „flugvél“ í stað orðsins „loftfar“,

— sá texti, sem fyrir er, verði 1. mgr.,

— eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Aðildarríki geta heimilað notkun almennra skrúfuvéla með vottaðan hámarksflugtaks massa meiri en 5700 kg sem eru sérhannaðar og smíðaðar í örfáum eintökum, notaðar til flutninga á óvenjustórum framleiðsluvörum flugvélaíðnaðarins, og hafa ekki heimild til flugs samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar ef þau tryggja að slíkar flugvélar fljúgi eingöngu á yfirráðasvæði þeirra og annarra samþykkra ríkja.

Áður en aðildarríki veitir heimild samkvæmt þessari málsgrein skal það tilkynnt framkvæmdastjórninni.“

7. Í 7. gr.:

— komi orðið „flugvélar“ alls staðar í stað orðsins „loftför“,

— sá texti, sem fyrir er, verði 1. mgr.,

— eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2. Frá og með 1. janúar 1988 er aðildarríkjum óheimilt að leyfa á yfirráðasvæði sínu flug þotna sem fljúga undir hljóðhraða og ekki eru skrásettar í aðildarríki og ekki uppfylla skilyrði sem að minnsta kosti jafnast á við hávaðastaðla sem tilteknir eru í 2. kafla II. hluta I. bindis viðauka 16/5.

3. Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá 2. mgr. ef flugrekandi færir sönnur á að það sé fjárhagslega eða tæknilega ómögulegt að þjóna flugstöðvum þeirra með flugvélum sem fylgja þeim stöðlum sem getið er um í 2. mgr. Slíkar undanþágur mega í hæsta lagi gilda til 31. desember 1989.

4. 2. og 3. mgr. gilda ekki um Grænland.“

2. gr:

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari innan árs frá birtingu hennar. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um það þegar í stað ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Tilskipunin var birt aðildarríkjunum 26. apríl 1983.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða landslaga sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gjört í Lúxemborg 21. apríl 1983.

Fyrir hönd ráðsins,

D. von WÜRZEN

forseti.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Ráðinu hefur borist eftirfarandi orðsending frá ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands:

„Þegar ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands lagði fram fullgildingarskjöl stofnsáttmála Evrópubandalaganna lýsti hún því yfir að þessir sáttmálar giltu jafnt um sambandsríkið Berlín. Um leið lýsti hún því yfir að réttindi og skyldur Frakklands, Breska Konungsríkisins og Bandaríkjanna gagnvart Berlín breyttust ekki. Í ljósi þeirrar staðreyndar að almennt flug er eitt þeirra sviða þar sem nefnd ríki hafa sérstaklega áskilið sér völd í Berlín og í kjölfar samráðs við ríkisstjórnir þessara ríkja lýsir ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands því yfir að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 80/51/EBE um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða nái ekki til sambandsríkisins Berlínar.“
